

Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2013/45/ESB

2014/EES/12/10

frá 7. ágúst 2013

um breytingu á tilskipunum ráðsins 2002/55/EB og 2008/72/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/145/EB að því er varðar grasafræðiheiti tómatu (*)

FRAMKVÆMDASTJÖRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/55/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu grænmetisfræs⁽¹⁾, einkum 2. gr. (2. mgr.), 44. gr. (2. mgr.), 45. gr. og 48. gr. (b-lið 1. mgr.),

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2008/72/EB frá 15. júlí 2008 um markaðssetningu á fjölgunarefni og sáðplöntum matjurta, að undanskildu fræi⁽²⁾, einkum 3. mgr. 1. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í ljósi framfara á sviði vísinda hefur alþjóðlegt nafnakerfi plantna (ICBN) verið endurskoðað, einkum með tilliti til grasafræðiheitis tegundarinnar tómatu.
- 2) Til að endurspegla þessa þróun ætti að breyta tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/145/EB frá 26. nóvember 2009 um tilteknar undanþágur sem varða samþykki fyrir staðaryrkjum og yrkjum í landbúnaði, sem hefð er fyrir því að rækta á tilteknum stöðum og svæðum og eru í hættu vegna erfðatæringar, og fyrir yrkjum grænmetis, sem hafa ekkert raunverulegt gildi í ræktun í viðskiptaskyni, en hafa verið þróuð til ræktunar við sérstök skilyrði og um setningu fræs af þessum staðaryrkjum og yrkjum á markað⁽³⁾ til samræmis við það.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 2002/55/EB

Tilskipun 2002/55/EB er breytt sem hér segir:

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 213, 8.8.2013, bls. 20. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2014 frá 14. febrúar 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 33.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 205, 1.8.2008, bls. 28.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 312, 27.11.2009, bls. 44.

1) Í stað orðanna „*Lycopersicon esculentum* Mill.“ í b-lið 1. mgr. 2. gr. komi orðin „*Solanum lycopersicum* L.“.

2) Í stað orðanna „*Lycopersicon esculentum*“ í töflunni í a-lið 3. liðar II. viðauka komi orðin „*Solanum lycopersicum* L.“.

3) Í stað orðanna „*Lycopersicon esculentum*“ í töflunni í 2. lið III. viðauka komi orðin „*Solanum lycopersicum* L.“.

2. gr.

Breytingar á tilskipun 2008/72/EB

Í stað orðanna „*Lycopersicon esculentum* Mill.“ í töflunni í II. viðauka við tilskipun 2008/72/EB komi orðin „*Solanum lycopersicum* L.“.

3. gr.

Breytingar á tilskipun 2009/145/EB

Tilskipun 2009/145/EB er breytt sem hér segir:

1) Í stað orðanna „*Lycopersicon esculentum* Mill.“ í töflunni í I. viðauka komi orðin „*Solanum lycopersicum* L.“.

2) Í stað orðanna „*Lycopersicon esculentum* Mill.“ í töflunni í II. viðauka komi orðin „*Solanum lycopersicum* L.“.

4. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til þess að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. mars 2014. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

5. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

6. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 7. ágúst 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO
